

140. löggjafarþing 2011–2012.
Þingskjal 825 — 200. mál.
Síðari umræða.

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um ráðstefnu um tónlistarhefðir vestnorrænu landanna og möguleika til tónlistarmenntunar til hagsbóta fyrir vestnorrænu löndin.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Ólínu Þorvarðardóttur, formann Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins, og Þórð Þórarinsson, framkvæmdastjóra Vestnorræna ráðsins.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi skori á ríkisstjórnina að halda ráðstefnu í samvinnu við Færeyjar og Grænland um tónlistarhefðir vestnorrænu landanna með þátttöku tónlistarmanna og hagsmunaaðila. Tilgangurinn með ráðstefnunni verði annars vegar að lýsa tónlistarhefðum landanna þriggja og hins vegar að varpa ljósi á hvaða möguleika löndin þrjú hafi til að þróa tónlistarhefðir sínar og viðhalda þeim.

Tillagan byggist á ályktun nr. 6/2011 sem samþykkt var á ársfundi Vestnorræna ráðsins 24. ágúst 2011 á Bifröst en þar er áskorun þessa efnis beint til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórna Færeyja og Grænlands.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt**.

Bjarni Benediktsson, Helgi Hjörvar og Mördur Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. jan. 2012.

Sigmundur Ernir Rúnarsson, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. Ragnheiður E. Árnadóttir.
frsm.

Gunnar Bragi Sveinsson. Ásmundur Einar Daðason. Auður Lilja Erlingsdóttir.